


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 1 af 4	Véltrésmíði VTS 103 Kennsluáætlun Vorönn 2011	


Kennari	Guðmundur Óskar Guðmundsson & Porleifur Jóhannesson	Sk.st.	GOS & ÞOR
----------------	---	---------------	-----------

Áfangalýsing:

Í áfanganum læra nemendur grunnatriði í véltrésmíði og notkun lofthandverkfæra. Fjallað er um algengustu trésmíðavélar og lofthandverkfæri sem notuð eru í tré- og byggingaiðnaði, meðferð þeirra og viðhald. Farið er yfir helstu notkunarmöguleika einstakra véla og tækja, stillingar, fyrirbyggjandi viðhald, hlífur, hjálpartæki, líkamsbeitingu og öryggismál og nemendur fá innsýn í að velja og skipta um helstu eggjárn. Kynntar eru mismunandi loftpressur og farið yfir gerð og notkun helstu loftverkfæra. Lögð er áhersla á notkunarleiðbeiningar og merkingar á tækjum og búnaði. Kennsla í áfanganum byggir á innlögnum frá kennara þar sem hann útskýrir grunnatriði fyrir nemendum með sérstakri áherslu á öryggisþætti en að öðru leyti er aðaláherslan á verkefni þar sem nemendur fá þjálfun í notkun véla og tækja. Mikilvægt er að nemendur læri um ábyrgð sína í umgengni við trésmíðavélar og að takast ekki á við vélavinnu án fullnægjandi undirbúnings, hjálpar- og öryggisbúnaðar. Áfanginn er bæði kenndur á námsbrautum fyrir húsasmíði og húsgagnasmíði.

Yfirferð:

Farið verður yfir verk- og notkunarsvið þeirra trésmíðavéla, sem notaðar eru almennt í húsa- og húsgagnasmíði. Nemendum verði gert að kunna skil á því hvaða vél hentar hverjum verkþætti og kunni að tileinka sér hina ýmsu vinnslumöguleika sem hver vél býður uppá. Lögð verður áhersla á að nemendur tileinki sér rétt vinnubrögð og vinnustellingar með tilliti til öryggisþátta. Nemendur noti í hvívetna þær öryggishlífur sem vélarnar eru búnar og temji sér varkárni og virðingu fyrir vélunum. Farið verður yfir verksvið, notkunarsvið og vinnslumöguleika þeirra véla sem kennslurýmið býður uppá og reynt að sjá til þess að allir nemendur í áfanganum fái jafna tilsögn. Áfanginn er bæði verklegur og bóklegur og fellur verklegi hlutinn að hluta undir áfangann Tré 109

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 2 af 4	Véltrésmíði VTS 103 Kennsluáætlun Vorönn 2011	

Markmið:


Áfangamarkmið

Nemandi

- kunni skil á uppbyggingu og notkun algengustu trésmíðavéla
- þekki virkni og notkunarsvið einstakra trésmíðavéla
- geti valið heppilegar trésmíðavélar með hliðsjón af verkefni
- kunni algengustu stillingar og notkun aukabúnaðar
- geti valið snúnings- og mótunarhraða fyrir trésmíðavélar
- geti notað algengustu trésmíðavélar til að efna og forma
- geti undir eftirliti smíðað einfalda hluti í trésmíðavélum
- kunni að skipta um helstu skurðarverkfæri undir eftirliti
- kunni skil á öryggi og fyrirbyggjandi viðhaldi algengustu trésmíðavéla
- geti athugað rétta virkni og öryggisbúnað fyrir gangsetningu véla
- noti viðeigandi öryggisbúnað í hverju tilviki til að fyrirbyggja slys
- kunni rétta staðsetningu og líkamsbeitingu við vélavinnu
- þekki til algengustu slysavalda og slysa í véltrésmíði og afleiðingar þeirra
- geti hreinsað og framkvæmt fyrirbyggjandi viðhald á trésmíðavélum
- þekki öryggisreglur og öryggisbúnað sem notaður er í véltrésmíði
- kunni skil á helstu lofthandverkfærum sem notuð eru í trésmíði
- þekki uppbyggingu og notkunarsvið helstu lofthandverkfæra
- kunni skil á stillingum og fyrirbyggjandi viðhaldi lofthandverkfæra
- þekki til virkni og fyrirbyggjandi viðhalds á mismunandi loftpressum
- geti valið rétt lofthandverkfæri með hliðsjón af verkefni
- þekki öryggisreglur og öryggisbúnað við notkun loftverkfæra

Námsgögn:

Tegund	Námsgögn
Bækur	Smárit
Myndbönd	Kynningar á vélum frá framleiðendum og veraldarvefnum
Ljósrit	Sem hentar viðfangsefninu frá kennara

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 3 af 4	Véltrésmíði VTS 103 Kennsluáætlun Vorönn 2011	

Áætlun um yfirferð: (Áskilinn réttur til breytinga)

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni
2-4	Farið yfir notkunarsvið, vinnuumhverfi, orkutölur, stórar og litlar trésmíðavélar, öryggisatriði og umhirðu trésmíðavéla	
4-5	Bútsög og plötusagir	
5-6	Afréttari og þykktarhefill	
7-8	Fræsarar	
8-9	Þykktarpússivél og bandpússivél	
9-10	Dílaborvél, hulsborvél og súluborvél	
10-11	Spónsög, Spónsaumavél og spónpressa	
11-12	Bandsög og kantlímingavél	
14-17	Tappavél	

Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.

Námsmat og vægi námsþátta:


Námsmat	Lýsing	Vægi
Skriflegt	Skriflegt lokapróf	40%
Miðannapróf	Miðannapróf	20%
Frammistaða á önn, og stutt verkefni (vetrareink)	Skilningur, framtak, nákvæmni, framfarir, ástundun, umgengni og stundvísi	40%

Með von um gott samstarf á önninni.

Guðmundur Óskar Guðmundsson (gos@vma.is) og

Porleifur Jóhannesson (leibbi@vma.is)

Dagsetning:

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010	Véltrésmíði VTS 103 Kennsluáætlun Vorönn 2011	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 4 af 4		

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils